



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. E 139/1260

komudagur 10.2.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum, 377. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum, 377. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 31. janúar sl.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjöleignarhús hvað snertir hunda- og kattahald almennt og sérstaklega um leiðsögu- og hjálparhunda.

Forsaga vinnu við þetta frumvarp er fjölmiðlaumræða eftir að í ljós kom andstaða við að blind kona fengi að halda sérþjálfaðan leiðsöguhund í fjöleignarhúsi. Var það harðlega gagnrýnt. Gildandi ákvæði fjöleignarhúsalaga setja leiðsögu- og hjálparhunda undir sömu ákvæði og gæluhunda almennt. Þegar frumvarp til laga um fjöleignarhús var lagt fyrir Alþingi árið 1994 lögðu Samtök gegn astma- og ofnæmi mikla áherslu á að banna eða takmarka hald hunda og katta í fjölbýlishúsum. Á það féllst félagsmálanefnd þingsins og skotið var inn í frumvarpið ákvæði um að hunda- og kattahald í fjölbýli sé háð samþykki allra eigenda ef um sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými sé að ræða. Ella er samþykkis meðeigenda ekki þörf. Hér þóttu vegast á mismunandi hagsmunir, annars vegar þeirra sem vilja halda hunda og ketti sem gæludýr og telja það fólgið í mannréttindum og eignarráðum og hins vegar þeirra sem hafa ofnæmi fyrir slíkum dýrum. Við lagasetninguna 1994 voru hagsmunir hinna síðarnefndu látnir vega þyngra og réðu þeir gildandi lagareglu, sem nú hefur verið gagnrýnd. Engir leiðsögu- og hjálparhundar voru hér á landi þegar lög um fjöleignarhús voru sett árið 1994. Var þess því ekki gætt við lagasetninguna að taka þyrfti tillit til þeirra einstaklinga sem þurfa á slíkum hundum að halda.

Lagafrumvarpinu er ætlað að bregðast við þessari stöðu og er í því almennt fjallað um hundahald í fjöleignarhúsum og sérstakt tillit tekið til leiðsögu- og hjálparhunda og forgangsréttar þeirra sem þurfa á slíkum „hjálpartækjum“ að halda. Fortakslaust neitunarvald annarra eigenda er afnumið og réttur fatlaðs fólks settur í forgang.

Með frumvarpinu er ekki ætlunin að rýmka svo nokkru nemi reglur og skilyrði fyrir hunda- og kattahaldi heldur fyrst og fremst tekið tillit til sjálfsagðra hagsmuna þeirra sem þurfa hjálparhund og þeir látnir vega þyngra en órókstutt neitunarvald annarra eigenda. Ef hjálparhundur veldur ofnæmi geta vandamál skapast en í athugasemdum með frumvarpinu er talið að það verði afar sjaldan enda leiðsögu- og hjálparhundar fáir og hundaofnæmi tiltölulega sjaldgæft. Það er því talið mjög ólíklegt að til þess komi að andspænis standi í fjöleignarhúsi leiðsögu- eða hjálparhundur og íbúi með ofnæmi á háu stigi. Gerist það engu að síður þá geymir frumvarpið úrræði til lausnar.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Af athugasemdum með frumvarpinu verður ekki annað ráðið en að undirbúningur þess hafi verið hinn vandaðasti og tillit tekið til allra þeirra sjónarmiða og vandamála sem upp geta komið. Þar kemur fram að nefnd sú sem samdið frumvarpið fékk á sinn fund Unni Björnsdóttur sérfræðing í lyflækningum, ofnæmissjúkdómum og ónæmisfræði auk þess sem henni barst álit Félags íslenskra ofnæmislækna um hjálpar- og leiðsöguhunda. Þá kemur fram að á fund nefndarinnar kom formaður Astma- og ofnæmisfélagsins. Þessir aðilar hafa væntanlega lagt áherslu á hagsmuni þeirra sem eiga við ofnæmi að stríða og mikilvægi þess að tekið sé tillit til þeirra hagsmuna einnig, rekist saman hagsmunir þess sem þarf á leiðsögu- og hjálparhundi að halda og þeirra sem haldnir eru hundaofnæmi. Af frumvarpinu verður ekki annað ráðið en að sérstakt tillit sé tekið til þessa.

LÍ er fylgjandi því að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,
formaður